

Skipulagsstofnun
bt. Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. maí 2022
Málsnúmer: 202204-0035
LA

Efni: Efnistaka í landi Garðs í Skútustaðahreppi

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um um efnistöku í landi Garðs í Skútustaðahreppi skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Efnistökusvæðið er skilgreint sem athafnasvæði auðkennt sem 373-A, sem er í dag 8,7 ha að stærð. Fyrirhugað er að stækka athafnasvæðið enn frekar með 4,4 ha svæði sem skarast að hluta til við núverandi svæði. Ráðgert er að vinna um 120.000 m³ af muldu hrauni úr námunni.

Fram kemur í tilkynningu að brýn þörf er á efni við sunnanvert Mývatn sem mun nýtast í lagningu göngu- og hjólastígs og aðrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu. Meginmarkmið með staðsetningu efnistökusvæðis við Garð sé að hafa flutnings vegalengdir úr námu sem stýstar og þar með draga úr útblæstri, rykmengun, kostnaði og slysaþættu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu framkvæmdaraðila, Skútustaðahrepps, og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:


Mývatn er ein af náttúruperlum landsins og um svæðið Mývatn og Laxá gildi sérstök lög frá 2004 um verndun þess (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2004.097.html>). Þá nýtur svæðið Mývatn og Laxá verndar samkvæmt fjölda alþjóðlegra samninga s.s. Ramsar-samningi, Bernar-samningi, samningi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, svæðið er alþjóðlegt mikilvægt fuglasvæði og er á yfirlitsskrá heimsminja um fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO (https://heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&am;Itemid=51).

Fyrirhugað efnistökusvæði liggur rétt utan við mörk friðlýsta svæðisins, en er innan grannsvæðis vatnsverndar og í nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013).

Náttúrufræðistofnun telur nálægð efnisnámunnar við friðlandið og að hún sé innan vatnsverndarsvæðis vera áhyggjuefni. Fram kemur í tilkynningu að grunnt er niður á grunnvatnsborðið og að vatn sitji í lægðum námunnar. Þar fyrir utan eru nútímahraun yfirleitt með mikla lekt.



Í skýrslunni “ Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir” sem unnin var fyrir umhverfísráðuneytið árið 2016, (https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisaraduneyti-media/media/PDF_skrar/MYVATNSSKYRSLA-LOKAEINTAK-20062016.pdf), kemur fram að aðrennsli vatns kemur nær eingöngu úr lindum austan og suðaustan við Mývatn (sjá meðfylgjandi mynd úr skýrslu samstarfshóps)



1. mynd. Mývatn skiptist í Syðriflóa og Ytriflóa með mjóu sundi á milli. Röð af uppsprettum liggur meðfram austurströnd vatnsins, þær nyrstu volgar en hinar kaldar. Vatn rennur að jafnaði úr Ytriflóa í Syðriflóa, nema í hvassri sunnanátt, þá snýst straumurinn við. Mikið af köldu lindarvatni berst auk þess með Grænalæk úr Grænavatni, örskammt suður af Mývatni. Sáralítið annað vatn rennur í Mývatn.

Helstu lindasvæðin í suðaustanverðu Mývatni koma undan hraunum þar sem núverandi námasvæði er staðsett.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að forðast eigi efnistöku í svo mikilli nálægð við verndarsvæði Mývatns og innan vatnsverndarsvæðis. Hér er of mikið í húfi að mati Náttúrufræðistofnunar t.d. ef mengunarslys verður innan námusvæðisins þar sem grunnt er á grunnvatnið og hraunin lek.

Þegar um er að ræða einstaka náttúruperlu landsins með margskonar alþjóðlega verndarsamninga, eru röksemdir um styttri vegalengdir efnisflutninga ekki nægilegar til að réttlæta efnistöku á þessu svæði.



Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun framkvæmdina matsskylda og að skoða þarf grunnvatn og grunnvatnsstreymi sem einn umhverfisþátt sem framkvæmdin getur haft áhrif á.

Þá þarf að gera grein fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum til varnar mengunarslysi innan námasvæðisins og viðbragðsáætlun ef slys verður.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

